

ÁRSSKÝRSLA VR
2024 - 2025



Umbrot/útlit: Reynir Albert Þórólfsson

Myndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Svenni Speight og Tómas Bolli Hafþórsson


Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

Þetta er VR	4	
Ávarp formanns	6	VR Annual Report
Stjórn VR starfsárið 2024 - 2025	7	2024 - 2025
Kjarasamningar	8	English summary
Kjarasamningar VR	8	on p. 27 - 29
Aðrir kjarasamningar	8	
Kjaramál	10	
Þjónusta kjaramálasviðs	10	
Vinnustaðaeftirlit	10	
Dómsmál	11	
Sjúkrasjóður	12	
Sjúkradagpeningar 2024 og 2023	12	
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	12	
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2024-2025	12	
Orlofsmál	13	
Um orlofshúsin	13	
Afsláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila	13	
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2024-2025	13	
Starfsmenntamál	14	
Starfsmenntanefnd VR	14	
Ræktum vitið	14	
Fagnám verslunar og þjónustu	15	
Starfsgreinaráð	15	
Lykiltölur	15	
Stjórnir starfsmenntasjóða 2024-2025	15	
VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR	16	
Hvatning og stuðningur	16	
Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir	17	
Yfirlýsing stjórnar VR um hópuppsagnir	17	
Yfirlýsing stjórnar VR vegna kjarabaráttu kennara	17	
Yfirlýsing stjórnar VR vegna stjórnarmyndunarviðræður	17	
Yfirlýsing stjórnar VR vegna SVEIT	17	
Ályktun stjórnar VR vegna hagræðingartillagna ríkisstjórnarinnar	17	
Fundir starfsárið 2024-2025	17	
Nefndir og stjórnir	18	
Erlend samskipti	19	
Starfsemi og rekstur félagsins	20	Ársreikningur 2024
Kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	20	32
Starfsemi þjónustusviðs árið 2024	20	Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
VR varasjóður	20	32
Félagsmál	20	Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra
Rannsóknir og kannanir	22	34
Útgáfu- og kynningarmál	22	Áritun óháðs endurskoðanda
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	23	35
Skipulag skrifstofu VR	23	Áritun félagskjörins skoðunarmanns
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2024	26	37
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	26	Rekstrarreikningur 2024
		39
		Efnahagsreikningur 31. desember 2024
		40
		Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024
		41
		Skýringar
		42
		Skýringar - sundurliðanir
		48
		Skýringar - yfirlit um rekstur sjóða
		56
		Skýringar - efnahagur sjóða VR
		57

ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2024


FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS	41.355
FJÖLDI AFGREIÐSLNA	4.935
FJÖLDI SÍMTALA	32.791
FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS	9.713
FJÖLDI AFGREIÐSLNA Í GEGNUM VEFSPJALL	4.356
UMFERÐ UM VR.IS	446.000
FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA	1.618
FÉLAGSGJÖLD	2,2 ma.kr.
FJÖLDI GISTINÁTTA ORLOFSHÚSA	25.787
GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR	2,7 ma.kr.
STARFSMENNTASTYRKIR, FJÖLDI	8.264
VR VARASJÓÐUR, STYRKIR	893 m.kr.
VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA	18.708

KYNJABÓKHALD VR




GREIÐSLUR ÚR VR VARASJÓÐI 2024

- Forvarnir
- Orlofsþjónusta
- Lækniskostnaður
- Hjálpartæki
- Endurhæfing
- Annað




SJÚKRASJÓÐUR VR

HLUTFALL SJÚKRADAGPENINGA AF IÐGJÖLDUM



FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÆR GREIÐSLUR ÚR SJÚKRASJÓÐI





VR hefur tekist á við fjölbreytt og mikilvæg verkefni á starfsári stjórnar 2024-2025 sem nú rennur sitt skeið.

Kjarasamningar voru undirritaðir skömmu fyrir síðasta aðalfund sem höfðu það að markmiði að styðja við kaupmátt launa og stuðla að lækun vaxta og verðbólgu. Á liðnu starfsári hefur VR fylgt eftir þessum kjarasamningum enda brýnt að halda stjórnvöldum og fyrirtækjum við efnið og tryggja að forsendur standist og að loforð séu efnd. Launafólk á ekki að axla ábyrgð á verðbólgunni eitt síns liðs og því er mikilvægt að VR veiti nauðsynlegt aðhald og tryggi að samningar séu virtir. Í því samhengi má líka nefna að VR hefur á árinu átt í áframhaldandi viðræðum fyrir hönd félaga sem starfa í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli til að vinna að réttlátara vinnufyrirkomulagi og stendur sú vinna enn yfir. Þá var kauptaxtauki samþykktur á dögnum, sem tryggir að launataxtar VR hækki um 0,58% umfram hefðbundnar kjarasamningsbundnar hækkanir. Þetta stuðlar að því að laun þess hóps sem fær greitt samkvæmt töxtum haldi í við almenna launaþróun á vinnumarkaði.

Að því gefnu að samningsforsendur standi, göngum við næst til samninga eftir tæp þrjú ár eða í janúar 2028. Það er mikilvægt að við nýtum tímann vel og mætum í þær kjaraviðræður undirbúin og með skýra sýn.

Þegar við víkjum að starfsemi félagsins á liðnu ári er rétt að varpa ljósi á þrjú átaksverkefni sem VR hefur ráðist í með góðum árangri.

Í fyrsta lagi hefur VR stigið stór skref í húsnæðismálum, með tilkomu íbúðafélagsins VR Blær. Húsnæðisnefnd VR, stjórn undir forystu fyrrum formanns og skrifstofa félagsins hafa unnið að framgangi Blævar af miklu kappi á undanförunum árum. Á vormánuðum 2024 voru úthlutunarreglur félagsins samþykktar og opnað var fyrir skráningu á biðlista Blævar. Viðbrögðin voru jákvæð meðal félagsfólks en yfir 600 VR félagar skráðu sig á biðlista eftir 34 íbúðum sem sýnir að eftirspurnin er svo sannarlega til staðar. Framkvæmdum á fjölbýlishúsunum tveimur sem VR Blær lét reisa í Úlfarsárdal kláruðust í byrjun árs 2025 og eru íbúðirnar glæsilegar og staðsettar í grennd við falleg útivistarsvæði. Fyrstu íbúðirnar voru afhentar leigjendum í janúar og eru allar íbúðirnar komnar í útleigu. Tilkoma Blævar markar afar ánægjuleg tímamót í sögu VR og er um leið mikilvægt fordæmi um hvernig megi stuðla að húsnæðisöryggi á Íslandi.

Í öðru lagi má nefna átaksverkefni í sí- og endurmenntunarmálum. Þessi málaflokkur hefur sjaldan verið mikilvægari en nú, á tímum hraðra tæknibreytinga og gervigreindar. Á liðnu starfsári vann VR áfram að markmiðum samstarfsamnings félagsins við SVP, meðal annars með opnun vefsíðunnar Ræktum vitið sem er gagnlegt tól fyrir starfsfólk og stjórnendur í leit að upplýsingum um þá símenntunarmöguleika sem standa til boða.

Í þriðja lagi má nefna átaksverkefni um að auka umræðu í samfélaginu um málefni launafólks af erlendum uppruna. Skrifstofa VR vann að auglýsingarherferð og gerð

fræðsluefnis í þessu samhengi, að beiðni jafnréttisnefndar félagsins. VR félagar eru í dag af 128 ólíkum þjóðernum og 17% allra VR félaga eru með erlent ríkisfang. Samsetning félagsins hefur breyst undanfarin ár og það er mikilvægt að við tryggjum góða þjónustu við allt félagsfólk.

Félagið okkar stendur styrkum fótum og þjónusta þess er mikil og góð.

Meðalfjöldi VR félaga árið 2024 var yfir 41.000 sem er tæplega 2% fjölgun á milli ára. Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu tæplega 2.000 félögum aðstoð á skrifstofum VR í Reykjavík árið 2024 og þá hefur félögum fjölgað sem sækja styrki til sjúkrasjóðs, varasjóðs og starfsmenntasjóðs. VR félagar dvöldu tæplega 26 þúsund nætur í orlofshúsum árið 2024, sem er 16% aukning frá 2023 og nýting orlofshúsa var með mjög góðu móti á árinu, eða 78%. Starfsfólk þjónustusviðs VR svaraði yfir 30 þúsund símtölum og tæplega 10 þúsund tölvupóstum á árinu og leitar sífellt að nýjum leiðum til að koma betur til móts við félag. Á starfsárinu opnaði VR til dæmis nýjar Mínar síður á vef félagsins, með það að markmiði að bæta notendaupplifun. Heimsóknir á Mínar síður voru um 47.000 talsins árið 2024 sem er 13% aukning frá 2023.

Þá hefur stjórn, skrifstofa og trúnaðarráð VR unnið að sameiningu að mikilvægum verkefnum sem munu móta skipulag og stefnu félagsins til frambúðar. Hér ber að nefna stefnumótandi vinnu í tengslum við mögulegar breytingar á VR varasjóði og undirbúningsvinnu í tengslum við mögulega sameiningu við Leiðsögn.

Nokkrar breytingar urðu einnig á forystu félagsins á starfsárinu. Ragnar Þór Ingólfsson lét af störfum eftir tæplega átta ára formennsku og tók sæti á Alþingi. Ég tók þá við formennsku í félaginu og hlaut til þess áframhaldandi umboð í kosningum sem fram fóru nú í mars. Ragnari þökkum við góð störf í þágu félagsins og ég færi stjórn VR, starfsfólki og félagsfólki öllu mínar bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári. Verkefni sem bíða okkar á komandi starfsári eru yfirgripsmikil sem endranær. Ég hlakka til að takast á við þau af festu og í góðri samvinnu við ykkur öll.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR

Halla Gunnarsdóttir

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2024 - 2025

Halla Gunnarsdóttir formaður, Ólafur Reimar Gunnarsson varaformaður, Sigurður Sigfússon ritari, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson

Til vara: Selma Björk Grétarsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson



Stjórn VR 2024 – 2025, fremri röð frá vinstri: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Sigurður Sigfússon, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Diljá Ámundadóttir Zoega. Efri röð frá vinstri: Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Tómas Gabríel Benjamin, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Þórir Hilmarsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Arnþór Sigurðsson. Á myndina vantar Hörpu Sævarsdóttur og Þorvarð Bergmann Kjartansson.
Breytingar á stjórn: Ragnar Þór Ingólfsson lét af formennsku VR 3. desember 2024. Samhliða þeirri breytingu tók Halla Gunnarsdóttir þáverandi varaformaður félagsins við sem formaður VR. Ólafur Reimar Gunnarsson þáverandi ritari félagsins tók við sem varaformaður VR. Sigurður Sigfússon þáverandi stjórnamaður í VR tók við sem ritari félagsins. Þá kom Arnþór Sigurðsson þáverandi varamaður inn sem aðalamaður í stjórn.

KJARASAMNINGAR

Skömmu fyrir aðalfund VR 2024 undirritaði félagið kjarasamninga sem gilda til 31. janúar 2028 að því gefnu að skilgreindar forsendur samningsins haldi. Forsenduákvæði kveða á um að tiltekin verðbólguþáttur séu uppfyllt og að stjórnvöld standi við gefin loforð í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2024. Ítarleg grein var gerð fyrir kjarasamningnum og -viðræðum í skýrslu fyrir starfsárið 2023-2024.

VR og önnur stéttarfélag eiga aðild að launa- og forsendunefnd sem hefur það markmið að fylgjast með þróun efnahagsmála m.t.t. til þessara ákvæða. Á starfsári stjórnar VR 2024-2025 fór fram vinna í tengslum við þetta. Í því samhengi var það til dæmis samþykkt á fundi nefndarinnar þann 21. mars 2025 að kaupbætur kjarasamninga myndu hækka um 0,58% frá og með 1. apríl 2025. Þessi svokallaði kaupbætur tryggir að laun sem greidd eru samkvæmt kaupbætur fái viðbótarhækkun ef laun á vinnumarkaði hækka meira en lægstu taxtalaun en mat nefndarinnar var einmitt að svo hafi verið raunin.

Aðrir kjarasamningar

VR hefur átt í áframhaldandi viðræðum við Icelandair fyrir hönd starfsfólks sem starfar í flugafgreiðslu á Keflavíkflugvelli. Sú vinna snýr að því að endurskoða vinnufyrirkomulag starfsfólksins sem einkennist m.a. af svokölluðum „stubbavöktum“ þar sem vinnutími er ekki samfelldur yfir daginn. Þær viðræður standa enn yfir.

Kjarasamningur VR og annarra stéttarféлага starfsfólks hjá Elkem Ísland var felldur í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félaganna sem lauk á hádegi þriðjudaginn 18. mars. Nei sögðu 58,12% og já sögðu 38,46% Um 3% tóku ekki afstöðu. Á kjörskrá var 151 og kosningabátttaka var 77,5%. Stéttarfélagin munu ræða saman um næstu skref.

Kjaraviðræður fyrir hönd starfsfólks Norðuráls hafa staðið yfir frá 14. október 2024. VR hefur átt aðild að þeim viðræðum ásamt öðrum stéttarfélagum. Engin niðurstaða náðist í þeim viðræðum á fyrstu níu fundum samninganefnda og var málinu þá vísað til ríkissáttasemjara. Fyrsti fundur hjá ríkissáttasemjara fór fram föstudaginn 14. febrúar 2025 og viðræður standa enn yfir. Stéttarfélagin hafa lýst yfir vonbrigði með afstöðu Norðuráls og segja það ótækt að fyrirtæki af þessari stærðargráðu reyni að komast undan launahækkunum sem þegar hafa verið samþykktar í Stöðugleikasamningnum á almennum vinnumarkaði.





KJARAMÁL

ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu 1.836 félögum aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2024 sem er 7% fækkun milli ára.


Sérfræðingar sviðsins stofnuðu 1.628 ný mál á árinu 2024 samanborið við 1.618 árið 2023. Mál eru stofnuð ef sérfræðingar sviðsins telja ástæðu til eða þegar frekari aðstoð er enn talin þörf í kjölfar fyrstu heimsóknar/símtals. Þannig metur kjaramálasérfræðingur í hverju tilfelli fyrir sig hvort nauðsynlegt er að skrá þá ráðgjöf sem veitt er, þó ekki verði til vinnsla. Það hefur sýnt sig að slík skráning hefur skipt sköpum þegar aðili hefur þurft að leita aftur til kjaramálasviðs. Mál í þjónustuveri eru stofnuð eftir heimsókn á skrifstofu eða tölvupóstsamskipti. Algjör undantekning er að mál séu stofnuð eftir samtali í síma eða vefspjalli.

VR veitti 329 umsagnir um atvinnuleyfi sem er aukning frá 2023. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.

Fyrir utan skráð mál vegna umsagna vegna atvinnuleyfa í þjónustuveri eru málin 1.291 árið 2024 samanborið við 1.301 árið 2023. Af þeim 1.291 málum voru 39% með erlent ríkisfang samanborið við 38% árið 2023. Af þessum málum voru 38 mál stofnuð vegna Leiðsagnar en í byrjun júní 2024 hafði verið gerður samningur við Leiðsögn um að þjónusta félagsfólk þess og voru öll mál afgreidd í sama kerfi og með sama hætti og öll önnur mál. Af stofnuðum málum voru 64 vegna einstaklinga sem voru 18 ára og yngri samanborið við 47 árið áður.

Flest mála sem komu til kasta sérfræðinga sviðsins sneru

FJÖLDI NÝRRRA KJARAMÁLA



Fjöldi án umsagna vegna atvinnuleyfa til erlends félagsfólks

að uppsögn eða starfslokum eða 336 talsins. Mál sem varða launaútreikninga voru 257 talsins og mál tengd yfirferð launaseðla voru einnig fjölmörg, eða 129. Mál sem varða samskipti á vinnustað, einelti og kynferðislega áreitni voru 48 á árinu 2023 sem er fækkun frá fyrra ári en þá voru þau 54 talsins.

Kjaramálsvið afgreiddi að meðaltali 32 tölvupósta á dag á árinu 2024, samanborið við 30 árið 2023. Þá bárust 8.076 símtöl til kjaramálasviðs árið 2024 og snertingar við félagsfólk í gegnum vefspjöll voru alls 1.180. Vefspjallið er viðbótarþjónusta sem tekin var í gagnið hjá kjaramálsviði vorið 2023 en á því ári voru snertingar við VR félaga alls 512. Meðallengd vefspjalls er 18 mínútur. Ef enginn kjaramálasérfræðingur er laus í vefspjall þá er spjallið sent í tölvupóstinn kjaramal@vr.is. Alls bárust VR 43 ábendingar í gegnum ábendingarhnapp á vef félagsins árið 2024, en sú þjónusta var fyrst tekin í notkun í nóvember 2023.

Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í protabú

Um áramótin 2024 - 2025 var VR með 245 mál í vinnslu, þar af voru 105 mál til vinnslu hjá lögmanni félagsins. Af þessum málum eru 2 vegna ársins 2017. Annað er vinnuslysamál sem vannst fyrir Landsrétti en eftir er að greiða og hitt málið er í vinnslu hjá Landsrétti. 11 mál eru vegna ársins 2022, 50 vegna 2023 og 42 mál vegna 2024. Af þessum málum eru 24 mál sem enn eru opin gegn Costco frá árunum 2022 og 2023. Þessi mál voru opin um áramótin þar sem deilt var um fyrningareglu. VR tapaði málinu í héraði og óskaði eftir áfrýjunarleyfi. Í febrúar lá fyrir að það fengist ekki.

VR innheimti alls um 354 milljónir króna fyrir 236 VR félaga á árinu 2024 sem er um 14% hærra upphæð en innheimt var árið áður. VR sótti kröfur fyrir alls 86 félaga í protabú 32 fyrirtækja á árinu 2024. Árið á undan voru fyrirtækin 22 talsins, en þá voru sóttar kröfur fyrir 82 félaga.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Í kjarasamningnum í febrúar 2024 var samið um útvíkun á upprunalegu samkomulagi ASÍ og SA frá 2010 um vinnustaðaskírteini. Nýja fyrirkomlagið tók gildi í september sl. Eftirlitsfulltrúar fengu þá heimild til að sinna eftirliti í fiskvinnslum, hreingerningaráþjónustu, blandaðri smásölu og matvöruverslunum (að undanskildum stórmörkuðum). Þar með fengu eftirlitsfulltrúar formlega heimild til að fara í heimsókn til fleiri fyrirtækja en áður var er falla undir kjarasamninga VR.

Vinnustaðaeftirlit VR heimsótti fyrirtæki í öllum helstu atvinnugreinum landsins á árinu og sinnti fjölmörgum ábendingum sem bárust. Heimsóknirnar voru flestar í samstarfi við önnur stéttarfélög innan ASÍ. Heimsóknirnar voru af ýmsum toga og mis alvarlegar.

Traust samstarf ýmissa stofnana er grundvöllur fyrir því að mál rati í réttan farveg. Á árinu lagði vinnustaðaeftirlitið sig fram við að byggja upp traust tengsl við ýmsar stofnanir samfélagsins. Sterk og milliliðalaus samskipti við þessar stofnanir styrkja starfið og úrlausn þeirra mála sem upp koma í eftirlitinu.

Á síðasta ári fóru eftirlitsfulltrúar VR og annarra félaga innan ASÍ í heimsókn til 190 fyrirtækja.

DÓMSMÁL

15 málum var stefnt á árinu 2024 þar af voru tvö mál felld niður þar sem fyrirtækin voru tekin til gjaldprotaskipta. Dómssátt náðist á árinu í tveimur af þessum stefndu málum en á árinu náðist dómssátt í 4 málum sem var stefnt árið áður. 6 af þeim málum sem var stefnt á árinu var lokað því þau voru greidd að fullu eftir að fyrirtækjunum var stefnt.


Hér verður greint frá tveimur áhugaverðum dómum.

Héraðsdómur Suðurlands í máli nr. E-652/2023 frá 15. janúar 2024

Í janúar 2024 var staðfest með dómi Héraðsdóms Suðurlands að A bæri að greiða vangoldin laun og orlof ásamt hlutfallslegum uppbótum við uppgjör launa. Málið var byggt á lögum um orlof nr. 30/1987, lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930, kjarasamningi VR og SA, vinnuréttar og meginreglna kröfuréttar.

F hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2011 sem bókarí 60%

ATVINNULEYSI MEÐAL VR FÉLAGA Í NÓVEMBER ÁR HVERT



starfshlutfalli. F var sagt upp störfum um mánaðarmótin október/nóvember árið 2022, með þriggja mánaða uppsagnarfresti sem lauk í janúar 2023. Við uppgjör launa leitaði F til VR og krafa gerð um uppgjör á áunnu orlofi ásamt hlutfallslegum uppbótum. Samkvæmt 8. gr. orlofslaga ber atvinnurekanda að greiða áunninn orlofslaun við lok ráðningartímans auk hlutfall af orlofs- og desemberuppbótum samkvæmt kjarasamningi VR og SA.

A krafðist sýknu og hafnaði kröfum um fullnaðaruppgjör. Hélt því fram að F hafi fengið allt sitt orlof greitt. A hélt því einnig fram að um ofgreiðslu launa væri að ræða vegna kjarasamningsbundna hækkana vegna ársins 2022. A gerði jafnframt gagnkröfu, byggða á skaðabótakröfu vegna meints tjóns sem F átti að hafa valdið með vangæslu í starfi sínu sem bókarí.

Í niðurstöðu dómsins var ekki talið að A hefði sýnt fram á tjón af völdum F, né til saknæmrar háttsemi í starfi sem leiddi til skaðabótaskyldu. Ekki var heldur sýnt fram á ofgreiðslu launa. Fallist var því á kröfur VR fyrir hönd F um vangreitt orlof og vangreiddar uppbætur samkvæmt kjarasamningi.

Landsréttur í máli nr. 388/2023 frá 14. júní 2024

M ehf. áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms þar sem ekki var fallist á að heimild til fyrirvaralausar riftunar á ráðningarsambandi hefði verið til staðar. J sagði upp störfum hjá M ehf. þar sem hún tilkynnti jafnframt að hún hygðist opna sambærilega verslun. Í kjölfarið rifti M ehf. fyrirvaralaust ráðningarsambandinu og upplýsti að ekki yrðu greidd laun á uppsagnarfresti. M ehf. byggði á því að um alvarlegt trúnaðarbrot í starfi væri að ræða þar sem J hefði stofnað einkahlutafélag og fengið úthlutað virðisaukaskattsnúmeri stuttu síðar, og ætti því ekki rétt á greiðslu á uppsagnarfresti. J leitaði til VR sem krafðist fyrir hennar hönd greiðslu á uppsagnarfresti auk áunnins orlofs og uppbótum. VR byggði á því að J hefði sagt upp störfum með hefðbundnum fyrirvara og vísar til þess að hún hafi ekki hafið undirbúning að eigin rekstri fyrr en tveimur mánuðum eftir að ráðningarsamningi var rift. Það að stofna einkahlutafélag teljist ekki vera brot á trúnaði enda hafi samkeppnisrekstur ekki hafist við þá skráningu. Landsréttur staðfesti því niðurstöðu hins áfrýjaða dóms þar sem ekki var fallist á að framangreind háttsemi J ein og sér gæti talist brot gegn trúnaðarskyldu hennar sem réttlætti riftun ráðningarsambands milli aðila. M ehf. var því gert að greiða laun á uppsagnarfresti.

SJÚKRASJÓÐUR

Varðandi tekjur árið 2024 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

	2024		2023	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.595	2.659.492.365	1.571	2.310.283.449
Dánarbætur	130	71.821.774	119	53.624.872
Örorkubætur	4	13.637.850	15	48.503.310
Aðrir styrkir til sjóðsfélaga	130	26.556.081	134	25.061.074
Bætur og styrkir til félagsfólks samtals*	1.859	2.771.508.070	1.839	2.437.472.705

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

SJÚKRADAGPENINGAR 2024 OG 2023

Greiðslur sjúkradagpeninga til félaga í VR hækkuðu á milli árána 2024 og 2023. Þetta er í þriðja skiptið í röð sem að greiðslur hækka á milli ára og snýr við ákveðinni þróun sem átti sér stað í heimsfaraldur Covid-19 þegar greiðsla sjúkradagpeninga lækkaði.

Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2024 námu alls kr. 2.771.508.070 sem er um 14% hærri upphæð en árið 2023. Þegar tekið er tillit til launþróunar og fjölgunar í félaginu á milli ára nemur hækkinun hins vegar aðeins um 6%. Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 33% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2024 sem er þó lægra hlutfall en árið áður þegar það var 38%.

Hlutfall sjúkradagpeninga af sjúkrasjóðsiðgjöldum sjóðsins var 86% árið 2024 og hafði hækkað um 7% á árinu. Þá fjölgaði VR félögum sem fá greidda sjúkradagpeninga lítillega á milli ára, þeir voru 1.595 árið 2024 samanborið við 1.571 árið áður.


FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2024 – 2025

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Þórir Hilmarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Til vara: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Diljá Ámundadóttir og Tómas Gabríel Benjamin.

SKIPTING SJÚKRADAGPENINGA EFTIR SJÚKDÓMAFLOKKUM 2024

- Geðraskanir
- Aðrir sjúkdómar
- Stoðkerfi
- Kviðarhol og meltingarfæri
- Krabbamein
- Hjarta- og æðasjúkdómar



Við árslok 2024 voru 87 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 13 orlofshús og 1 hótélherbergi á árinu. Nýting orlofshúsanna á árinu 2024 var mjög góð og voru útleigunætur á árinu 25.787 samanborið við 22.239 árið 2023, en nýting húsanna jókst úr 69% í 78% milli ára.

UM ORLOFSHÚSIN

VR var með eitt nýtt hús í byggingu í Hálöndum við Akureyri í árslok 2024 og er gert ráð fyrir að þeirri uppbyggingu ljúki í maí 2025 og hægt verði að leigja það út í júní 2025. Á árinu 2024 var tekið í notkun stórt orlofshús í Hvalfirði sem er stærra en önnur orlofshús félagsins og mun það geta hýst allt að 16 gesti. Endurnýjun á stofnlögnum í Miðhúsaskógi hófst á árinu og lauk fyrsta áfanga þess á árinu, en gert er gert ráð fyrir að verkinu verði skipt í fimm áfanga og ljúki á árinu 2028. Félagið endurbýggði að innan eitt hús á Einarstöðum og auk þess greiddi félagið hlutdeild í nýrri þjónustubyggingu fyrir Einarstaði.

AFSLÁTTARMÍÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsfólki sínu afslátt í flug með Icelandair á árinu 2024 eins og áður hefur verið gert. Seld voru 15.616 bréf á árinu samanborið við 13.689 bréf árið 2023, en sala bréfanna hafði dregist verulega saman á árunum 2020 og 2021 vegna Covid-19 faraldursins, en hefur vaxið síðan aftur og er orðin meiri en fyrir Covid.

Á árinu 2024 vour seld 84 gjafakort í pakkaferðir á vegum Úrvals Útsýnar og hefur salan aukist frá fyrri árum. Þá selur VR félagsfólki sínu veiði- og útilegukort og voru 367 veiðikort seld og 395 útilegukort sem er svipuð sala og verið hefur.

Sumarið 2024 bauð VR félagsfólki niðurgreiðslu á ferðavögnum og nýttu alls 22 einstaklingar það á árinu.

FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2024 – 2025

Þórir Hilmarsson gegnir formennsku, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Jennifer Schröder, Sigurður Sigfússon og Harpa Sævarsdóttir.

Til vara: Selma Björk Grétarsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2024

	Fjöldi húsa	Fjöldi gistinguátta 2024	Nýting 2024	Nýting 2023
Akureyri	20	5.692	82,1%	77,7%
Miðhúsaskógur	27	7.270	73,2%	59,3%
Einarstaðir	3	807	73,7%	60,8%
Húsafell	6	1.705	77,9%	67,0%
Flúðir	5	1.452	79,6%	75,9%
Reykjavík	3	997	91,1%	80,8%
Ölfusborgir	4	1.216	83,3%	70,5%
Fljótshlíð	2	579	79,3%	69,4%
Grímsnes	5	1.443	79,1%	75,2%
Svignaskarð	3	862	78,7%	70,6%
Hvalfjörður	3	805	83,4%	68,5%
Önnur VR hús	6	1.519	69,4%	66,3%
Leiguhús - ársleiga	2	452	61,9%	60,7%
Leiguhús (sumar)	11	988	98,6%	99,8%
	100	25.787	78,0%	69,1%

STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2024 voru greiddar rúmlega 935 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 720 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er 28,6%.

Umsóknir félagsfólks VR um styrk í starfsmenntasjóði VR árið 2024 voru alls 11.303 en voru 9.718 árið áður og er því 16,4% aukning milli ára. Á árinu 2024 fengu 622 félagar greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en voru 756 árið 2023 og er því fækkun upp á 17,8%.

STARFSMENNTANEFND

Starfsmenntanefnd VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Nefndin fylgir eftir samþykktri menntastefnu VR til tveggja ára í senn og gildir núverandi menntastefna til þessa árs, 2025. Helstu áhersluþættir menntastefnu VR 2023-2025 snúa að aðgerðum tengdum aukinni hæfni félagsfólks, samvinnu innan skólasamfélagsins í heild sinni, markvissri upplýsingagjöf til félagsfólks varðandi leiðir til hæfniaukningar, aukinni áherslu á starfsþróunarráðgjöf og möguleikum á raunfærnimati í verslunar- og skrifstofugreinum. Meðal annarra verkefna starfsmenntanefndarinnar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfnihjólíð, aðkoma að Fagnámi verslunar og þjónustu í Verzlunarskóla Íslands og tímamóta samstarfssamningur VR/LÍV og SVP um aukna hæfni félagsfólks í verslun og þjónustu. Samstarfsverkefnið hefur hlotið nafnið Ræktum vitið.

RÆKTUM VITIÐ

Samstarfsverkefnið Ræktum vitið byggir á samstarfssamningi VR/LÍV og SVP undirrituðum í mars 2023. Samningurinn felur í sér sameiginleg markmið félaganna og samstarf við að vinna markvisst að hæfniaukningu starfsfólks í verslun og þjónustu til ársins 2030. Samningurinn felur í sér þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi að fram til ársins 2030 er stefnt að því að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sækir nám með reglulegri sí- og endurmenntun með það að markmiði að auka hæfni og þekkingu starfsfólksins. Í öðru lagi verði sérstök áhersla lögð á að auka þekkingu og hæfni þess stóra hóps starfsfólks í verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem hefur íslensku sem annað tungumál. Markmið er að 80% þessa hóps búi árið 2030 yfir hæfni B1 í íslensku samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans (European Language Portfolio). Í þriðja lagi að verslunar- og þjónustugreinin þrói og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins. Samstarfshópur á vegum VR/LÍV og SVP hefur verið starfræktur til að framfylgja samningnum og aðgerðaráætlun verkefnisins. Fyrsta verkefni var framkvæmd á stöðukönnun meðal félagsfólks

og stjórnenda og voru niðurstöður hennar kynntar á vordögum 2024. Í könnuninni var spurt um aðgengi, viðhorf og þátttöku til hæfniaukningar á vinnumarkaði. Niðurstöður leiddu í ljós talsverðan mun frá fyrsta markmiði samningsins í upphafi tímabilsins. Hlutfall starfsfólks sem stundar sí- og endurmenntun stendur í 52% og meðalfjöldi á ársgrundvelli eru 18 klukkustundir. Niðurstöðurnar sýna jafnframt fram á mögulegar leiðir til árangurs. Hæst ber að nefna mikilvægi þess að fyrirtæki setji sér stefnu um sí- og endurmenntunarmál starfsfólks. Einnig mikilvægi þess að allt starfsfólk sé hvatt til þátttöku, ekki eingöngu valdir hópar innan fyrirtækja. Þessi tvö höfuðmarkmið hafa svo enn meiri áhrif á þátttöku fólks til frekari íslenskunáms og sýndu niðurstöður að mikill meirihluti starfsfólks og stjórnenda telja það mikilvægt að tileinka sér íslensku í starfi.


Annað verkefni hópsins var að setja á laggirnar vefsíðu verkefnisins, vinna grunn að samskiptastefnu og vinna að hönnun útlits þess. Í febrúar 2025 opnaði sameiginleg vefsíða verkefnisins www.raektumvitid.is sem veitir upplýsingar um leiðir og möguleika starfsfólks að frekari hæfniaukningu og styður við fyrirtæki í slíkri vegferð.

Samstarfshópurinn mun áfram kynna félagsfólki og stjórnendum sameiginlega mikilvægustu hæfniþætti komandi ára samkvæmt niðurstöðum World Economic Forum, Future of Jobs Report 2023 á miðlum félaganna. Hópurinn vinnur jafnframt markvisst að því að upplýsa félagana um aðgengi og fjölbreyttar leiðir við að ná tókum á íslenskri tungu t.d. með tenglum á vefsíðunni Ræktum vitið.

STARFSÞRÓUNARRÁÐGJÖF

Starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk VR í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Mímis er áfram eitt af áhersluverkefnum starfsmenntanefndar VR starfsárið 2024. Þetta er fjórða árið sem VR býður félagsfólki sínu upp á slíka þjónustu og

FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÉKK FRÆÐSLUSTYRK



nýtti alls 43 einstaklingar sér þessa rafrænu þjónustu sér að kostnaðarlausu. Helstu þættir starfsþróunarráðgjafarinnar eru að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar og aðstoða við uppfærslu á ferilskrám. Stafræna hæfnihjólíð er öllum landsmönnum aðgengilegt á vef VR þar sem fólk getur tekið sjálfsmatspróf og kortlagt þar með eigin stafræna hæfni og rýnt í þá þætti sem lagt er til að leggja áherslu á miðað við niðurstöður sjálfsmatsprófsins. Prófið hefur verið aðgengilegt á íslensku síðan árið 2019 og hægt er að taka sjálfsmatsprófið á 10 tungumálum í dag. Mörg þúsund hafa tekið þetta sjálfsmatspróf undanfarin ár sér að kostnaðarlausu og á árinu 2024 bættust rúmlega 200 manns við hópinn.

FAGNÁM VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Fagnám verslunar og þjónustu hófst árið 2020 í samstarfi VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Vinnustaður viðkomandi gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina 15 eininga vinnustaðanám sem er sérhæft viðkomandi vinnustað. Undanfarin ár hafa nýir vinnustaðir bæst í hóp fyrirtækja og eru fyrirtækin orðin 13 sem hafa tekið þátt. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykka til þátttöku í námið. 68 nemendur voru skráðir í námið í lok árs 2024 frá 11 fyrirtækjum. Þar af voru 34 virkir og 34 ætla að taka upp þráðinn síðar. 22 nemendur hafa útskrifast úr fagnámi verslunar og þjónustu og 5 hafa þar að auki lokið stúdentsprófi.

ANNAÐ NÁM

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2019 og útskrifaðist vorið 2022 eða 25 nemendur. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrjú í senn og komast færri að en vilja. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna samkvæmt talsmanni Verzlunarskólans, sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands. Margir nemendur segjast hafa valið þessa námslínu vegna vinnustaðanámsins og sjá alls ekki eftir því.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi þar sem einingar eru tryggðar í áframhaldandi nám í

viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst.

29 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 15 nemendur virkir í náminu í dag. Háskólinn á Bifröst býður einnig upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun.

STARFSGREINARÁÐ

Starfsgreinaráð eru vistuð undir hatti Menntamálastofnunar og eru hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögur um almenn markmið náms tengt starfsgreinum ráðsins, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms. Alþýðusamband Íslands tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra, annars vegar í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina og hins vegar í Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina.

Helstu verkefni ráðanna tengjast áframhaldandi þróun og vinnu við rafræna ferilbók og endurskoðun á hæfnikröfum þeirra greina sem falla undir ráðið.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2024 voru um 1.120 m.kr. og gjöld 1.227,2 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 1.093 m.kr. í lok árs 2024. Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2024 voru 43.57 m. kr. og gjöld 38.64 m. kr. Eigið fé sjóðsins var 226.81 m.kr króna í lok árs 2024.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2024

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks; Ragna Vala Kjartansdóttir (SA) stjórnarformaður, Eiður Stefánsson (LÍV), Huguína Elvarsdóttir (SA, í leyfi frá maí), Maj-Britt Hjördís Briem (SA, frá maí), Ólafur Reimar Gunnarsson, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (VR), Björg Ársælsdóttir (SA). Varamenn: Kolbrún Júlía Erlendsdóttir (LÍV), Jónas Yngvi Ásgrímsson (VR), Heiðrún Björk Gísladóttir (SA) og Maj-Britt Hjördís Briem (SA, til maí).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar;

Steinunn Böðvarsdóttir stjórnarformaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR


VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Nú starfa 9 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsfólk sem veikist eða slasast þannig að vinnugeta þess skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.


HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkrapjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2024 voru 428 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 262 voru útskrifaðir.

FRAMFÆRSLUSTAÐA FÉLAGSFÓLKS VR Í LOK ÞJÓNUSTU VIRK 2024



FJÖLDI VR FÉLAGA Í ÞJÓNUSTU HJÁ VIRK



ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR, FUNDIR, NEFNDIR

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR UM HÓPUPPSAGNIR

Stjórn VR gaf út yfirlýsingu þann 13. júní 2024 í ljósi hópuppsagna á vormánuðum ársins. Stjórn áréttaði alvarleika þess að missa starfið og að það væir ábyrgðahluti hjá stjórnendum fyrirtækja að láta fólk fara og að slíkt skuli alltaf vera síðasti kostur. Stjórn áréttaði mikilvægi þess að vinna í anda laga um hópuppsagnir, reyna að koma í veg fyrir hópuppsagnir og starfsmissi launafólks, og að hópuppsögnum sé aldrei beitt af léttuð.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA SNIÐ-GÖNGU Á VÖRUM OG VIÐSKIPTUM VIÐ ÍSRAEL

Stjórn VR gaf út yfirlýsingu þann 9. október 2024 þess efnis að félagið myndi taka þátt í svokallaðari BDS sniðgöngu fyrir Palestínu og að sjóðir félagsins myndi ekki fjárfesta í fyrirtækjum sem hagnast á ólöglegum landtökum Stjórn VR skoraði á stjórnvöld að beita sér af fullum þunga til að koma á friði.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA KJARABARÁTTU KENNARA

Stjórn VR gaf út yfirlýsingu þann 14. nóvember 2024 um kjarabaráttu kennara. Stjórn VR lýsti áhyggjum af stöðunni í kjaradeilunni og mögulegum áhrifum á börn og fjölskyldur. VR lýsti jafnframt yfir fullum stuðningi við baráttu kennara fyrir bættum kjörum.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA STJÓRNAR-MYNDUNARVIÐRÆÐUR

Stjórn VR gaf út yfirlýsingu þann 11. desember 2024 í tengslum við stjórnarmyndunaræður í kjölfar Alpingskosninga. Stjórn VR skoraði á þá flokka sem stóðu í viðræðunum að tryggja hag launafólks og sérstaklega þeirra sem hafa þurft að bera byrðarnar af slæmu efnahagsástandi.

YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA SVEIT

Stjórn VR birti yfirlýsingu þann 12. desember 2024 vegna gervistettarfélagsins „Virðing“. VR fordæmdi atlögu atvinnurekanda innan SVEIT, samtaka fyrirtækja á veitingarmarkaði, að réttindum og kjörum launafólks á Íslandi.

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA HAGRÆÐINGAR-TILLAGNA RÍKISSTJÓRNARINNAR

Stjórn VR gaf út ályktun þann 18. mars 2025 um hagræðingartillögur ríkisstjórnar Íslands. VR varaði við því að auka valdheimildir ríkissáttasemjara og gerði athugasemdir við tillögur um að útvista eftirliti á vinnumarkaði og skerða réttindi opinberra starfsmanna.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2024 – 2026

Stjórn VR fundaði sautján sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði sex sinnum á starfsárinu.

Haldnir voru tveir **félagsfundir** á starfsárinu, þann 5. september 2024 og 5. mars 2025. Á fyrri fundinum fór fram kosning fulltrúa til 46. þings ASÍ. Á seinni fundinum kynntu frambjóðendur til formanns og stjórnar sig og sínar áherslur í tengslum við kosningar til foyrstu VR 2025-2029.

Aðalfundur var haldinn þann 21. mars 2024, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert. Lýst var kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2024 var haldinn 28. maí það ár. Formaður deildarinnar er Kristín María Björnsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Ellen Rós Baldvinsdóttir og Magda Kinga Król- Wróblewska. Varamenn stjórnar eru Ragnhildur Guðrún Sveinsdóttir og Erla Bryndís Ingadóttir.



Ársfundur deildar VR á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum fyrir árið 2024 var haldinn 21. maí það ár. Formaður deildarinnar er Kolbrún Júlía Erlendsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Ragna Steina Snæfells Lárudóttir, Stefán Viðar Egilsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Ásta Björk Ólafsdóttir. Varamenn stjórnar eru Haraldur Pálsson, Baldvin Nielsen og Drífa Kristjánsdóttir frá deild VR í Vestmannaeyjum. Á fundinum var samþykkt tillaga um sameiningu deilda VR á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

46. þing ASÍ var haldið þann 17. – 19. október 2024 á Grand Hótel í Reykjavík. Á þinginu átti 90 félagar VR seturétt en um 100 frá öllum aðildarfélögum Landsambands ísl. verzlunarmanna, LÍV. Á þinginu voru samþykktar ályktanir um mörg mikilvæg hagsmunamál sem snerta launfólk um allt land, um vaxtaokur og verðtryggingu, auðlinda- og orkumál, þjónustu við samfélagið og samkeppnismál auk húsnæðismála, svo eitthvað sé nefnt. Kosin var ný forysta, Finnbjörn A. Hermannsson var kjörinn forseti ASÍ og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var kjörinn 1. varaforseti.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í **uppstillingarnefnd 2024 - 2026** sitja Halla Gunnarsdóttir sem gegnir formennsku, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Til vara eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Már Sigurðsson, Steinar Viktorsson, og Anna Þórðardóttir Bachmann.

Í **launanefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í **húsnæðisnefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem gegnir formennsku, Halla Gunnarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Harpa Sævarsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Arnþór Sigurðsson. Til vara er Þórir Hilmarsson. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsfólks.

Í **laganefnd** VR sitja Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, og Halla Gunnarsdóttir. Til vara er Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í **framtíðarnefnd** VR sitja Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Þórir Hilmarsson,

Diljá Ámundadóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Bjarni Þór Sigurðsson, og Tómas Gabríel Benjamin. Til vara er Vala Ólöf Kristinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Í **starfsmenntanefnd** VR sitja Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Vala Ólöf Kristinsdóttir. Til vara er Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks.

Í **jafnréttis- og mannréttindanefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Tómas Gabríel Benjamin, Diljá Ámundadóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Til vara er Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsfólks, án allrar aðgreiningar.

Í **kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild** VR sitja Halla Gunnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Ólafur Reimar Gunnarsson, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í **styrkjanefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þórir Hilmarsson og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir. Til vara er Tómas Gabríel Benjamin. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsfólk, bætir stöðu þess og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Í **umhverfisnefnd** VR sitja Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson og Harpa Sævarsdóttir. Til vara er Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR.

Í **framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs VR** sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Selma Björk Grétarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Til vara er Tómas Gabríel Benjamin. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsfólki VR, sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþanna, fjárhagsaðstoð.

Í **öldungaráði** VR sitja Gísli Jafetsson sem gegnir formennsku, Benedikt Sigurðarson, Bjarni Þór Sigurðarson,

ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR, FUNDIR, NEFNDIR

Erla Halldórsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Selma Björk Grétarsdóttir. Öldungaráð er umræðu- og samráðsvettvangur eldri félaga í VR. Þrjú eru tilnefnd í ráðið af stjórn VR og þrjú til viðbótar eru kosin af félagsfólki 65 ára og eldra. Kjörtímabil fulltrúa í ráðinu er til tveggja ára í senn.

Í **uppstillingarnefnd VR um val á stjórnarmönnum félagsins í Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Til vara eru Ólafur Reimar Gunnarsson og Jennifer Schröder. Stjórn félagsins skipar í uppstillingarnefndina. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasömum til stjórnarsetu í lífeyrissjóðnum fyrir hönd VR og starfa með fagfólki um valið.

Í **ungliðaráði VR** Andrea Rut Pálsdóttir, Lára Portal, Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson, Sarah Mohammedi, Tómas Guðni Sigurðarson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Ungliðaráð er ætlað að vera umræðu- og samráðsvettvangur ungs fólks í félaginu. Ungliðaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 16-35 ára.

Í **fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja allir fimmtán í aðalstjórn félagsins auk tíu annarra sem kosin eru af trúnaðarráði. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Kosið var í fulltrúaráð á fundi trúnaðarráðs félagsins á fundi þann 29. apríl 2024. Kynjaskipting skal vera jöfn í fulltrúaráðinu og voru fimm karlar og fimm konur kjörin í ráðið. Þau eru: Áflhildur Sigurjónsdóttir Heide, Freyja L. Norðdahl, Kristín Valdimarsdóttir, Pálmey Gísladóttir, Unnur Elva Arnardóttir, Arnþór Sigurðsson, Arman Ahmadizad, Björgvin Björgvinsson, og Stefán Viðar Egilsson.

Í **kjörstjórn VR** sitja Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands sem gegnir formennsku, Þóra Skúladóttir og Þorsteinn Þórólfsson. Til vara eru Halldór Oddsson frá ASÍ, Stefán Viðar Egilsson og Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

ERLEND SAMSKIPTI

Árleg ráðstefna stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda 2024 var haldin í Kaupmannahöfn á árinu. Fulltrúar VR sóttu fundinn.



KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 23. janúar 2025 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2025 – 2029. Auglýst var eftir framboðum til formanns til fjögurra ára, til sjö sæta í aðalstjórn VR til fjögurra ára og þriggja til vara til tveggja ára sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 3. febrúar 2025.

Alls bárust fjögur einstaklingsframboð til formanns og sautján einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Einn frambjóðandi til stjórnar dró framboð sitt til baka innan tilskilins tíma.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 6. mars til 12:00 að hádegi þann 13. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddu 9.581 en á kjörskrá voru 40.117 VR félagar. Kosningabátttaka var því 23,9%.

Til formanns VR fékk Halla Gunnarsdóttir kosningu til fjögurra ára með 4.380 atkvæði eða 46%. Önnur atkvæði skiptust þannig að Þorsteinn Skúli Sveinsson fékk 1.958 atkvæði eða 20%. Flosi Eiríksson fékk 1.605 atkvæði eða 17%. Bjarni Þór Sigurðsson fékk 1.225 atkvæði eða 13%. 413 tóku ekki afstöðu eða 4%.

Til stjórnar VR fengu eftirtalin kosningu til fjögurra ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir (3.405 atkvæði eða 10%)
Ólafur Reimar Gunnarsson (2.296 atkvæði eða 6,7%)
Andrea Rut Pálsdóttir (2.721 atkvæði eða 8%)
Karl F. Thorarensen (2.005 atkvæði eða 5,9%)
Jennifer Schröder (2.626 atkvæði eða 7,7%)
Styrmir Jökull Einarsson (1.927 atkvæði eða 5,6%)
Selma Björk Grétarsdóttir (2.236 atkvæði eða 6,8%)

Þrjú varamenn í stjórn VR – til tveggja árs:
Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir og Eldar Ástþórsson.

Ekkert mótframboð barst gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUSVIÐS 2024

Fulltrúar þjónustusviðs VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem VR varasjóð, starfsmennta-sjóðina, Sjúkrasjóð VR og orlofshús. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2024 var 4.935 sem er líttileg fækkun frá 2023.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu 2024 var 32.791 sem er tæplega 5% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var 34.453. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförunum árum í takt við aukna notkun á vefsvæði VR. Alls bárust 9.713 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2024 að frátöldum tölvupóstum sem bárust beint til kjaramálasviðs. Fjöldi afgreiðslna í gegnum vefspjall 4.356 árið 2024 samanborið við 5.117 árið 2023. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félögum í VR meiri sveigjanleika í að nota inneign sína á sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirleitt er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem allajafna er haldinn í mars. Framlag í sjóðinn var samþykkt á aðalfundi í mars 2024, 1.050 m.kr. fyrir árið 2023, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2023 námu alls 892.511.023 kr. og fengu 18.708 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 393 m. kr. eða sem nemur 44% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2023 námu greiðslur úr sjóðnum 766.241.770 kr. til 17.303 einstaklinga.

FÉLAGSMÁL

Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 21. mars 2024 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi VR þann 29. mars 2023 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr 74.993 kr. á mánuði í 77.430. á mánuði. Þessi niðurstaða byggðist á breytingartillögu sem

FÉLAGATAL

Ár	Konur	Karlar	Kynsegin*	Samtals	Fullgild við áramót	Snertingar við félagið**
2013	17.072	12.709	-	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	-	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	-	31.102	26.573	41.368
2016	18.481	14.332	-	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	-	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	-	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	-	37.375	32.320	48.326
2020	19.877	16.625	-	36.502	31.941	45.894
2021	19.866	17.015	-	36.880	31.666	47.233
2022	20.721	18.083	79	38.883	33.100	50.315
2023	21.521	18.983	109	40.612	34.562	51.904
2024	21.735	19.505	115	41.355	35.333	51.934

*Frá og með árinu 2022 heldur VR utan um fjölda kynsegin félagsfólks.

**Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

kom fram á fundinum þess efnis að stjórnarlausn hækki ekki umfram það sem samið er um í kjarasamningum, 3,25%. Þá var samþykkt að varamenn fái sömu stjórnarlausn og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlausnum. Í tillögunni var jafnframt lagt til að þau sem gegna formennsku í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og Orlofsjóðs sem og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlausn, eins og verið hefur. Jafnframt var lagt til að stjórnarmenn og varastjórnarmenn fái 6.498 kr. fyrir hvern setinn fund í nefndum VR.

Laun skoðunarmanna

Á aðalfundi 29. mars 2023 var samþykkt tillaga um að greiða félagslega kjörnum skoðunarmönnum kr. 77.430 kr á ári sem svarar til launum stjórnarmanns í einn mánuði.

Gullmerki

Þrjú voru sæmd gullmerki VR á aðalfundi félagsins 21. mars 2024. Það voru þau Gunnar Böðvarsson, Valva Árnadóttir og Hansína Gísladóttir.

Gunnar kom inn í trúnaðarráð árið 1992 og átti sæti í ráðinu til ársins 2017, að tveimur árum undanskildum, eða samtals í 23 ár. Gunnar settist í varastjórn VR árið 1995 og tók sæti í aðalstjórn árið 1999. Hann sat í stjórn eða varastjórn í alls 14 ár. Gunnar sinnti fleiri trúnaðarstörfum fyrir félagið, m.a. vann hann í átaksverkefni gegn svartri atvinnustarfsemi.

Valva átti sæti í trúnaðarráði félagsins samfleytt í 19 ár, tók sæti árið 2001. Hún var einnig trúnaðarmaður á sínum vinnustað á sama tímabili. Hún var mjög virk í trúnaðarráði og verkefnum þess og ötul í baráttunni fyrir bættum kjörum

starfsfólks í verslun en hún vann árum saman í bókaverslun.

Hansína starfaði á skrifstofu VR í um 20 ár en var virk í stéttarfélagsbaráttunni árin þar á undan og átti meðal annars sæti í trúnaðarráði félagsins. Hún sinnti mörgum verkefnum fyrir félagið, starfaði í Sjúkrasjóði VR en lengst af við móttöku þar sem hún sinnti félagsfólki VR af alúð og virðingu.

VR Blær

Á starfsárinu hélt VR áfram að vinna að uppbyggingu VR Blævar, nýs íbúðarfélags sem er systurfélag Bjargs. Opnað var fyrir umsóknir á biðlista félagsins en yfir 600 VR félagar skráðu sig á hann. Framkvæmdum á tveimur fjölybýlishúsum VR Blævar í Úlfarsárdal lauk í byrjun árs 2025, alls 36 íbúðir. VR seldi Félagsbústöðum tvær íbúðir en 34 íbúðir voru settar í langtímaleigu til VR félaga sem höfðu skráð sig á biðlistann og uppfylltu skilyrði úthlutunarreglna Blævar.

Heildarkostnaður verkefnisins var um 1.950 m.kr., þar af var 30% hlutfé frá VR og 70% lánsfé. Eftir sölu tveggja íbúða til Félagsbústaða var því ljóst að VR Blær þyrfti að fá lán upp á 1.250 m.kr. Ákveðið var í samráði við trúnaðarráð að VR myndi lána VR Blæ þetta fjármagn til þriggja ára. Þannig væri hægt að ljúka framkvæmdum og fá reynslu á verkefnið áður en langtímafjármögnun yrði sótt til lánastofnunar. Með þessu var vonast til þess að hægt væri að fá hagstæðari lánakjör, sérstaklega í ljósi þess að stýrivextir gætu lækkað á næstu árum. Á móti fær VR góða ávöxtun á sinni fjárfestingu.



Sameining við Leiðsögn

Þann 7. júní 2024 skrifuðu VR og Leiðsögn- félag leiðsögumanna undir samning um sameiningu félagaanna sem mun taka gildi að fullu í maí 2025, að fengnu samþykki aðalfunda félaganna. Í kjölfarið af þessum samningi tók skrifstofa VR yfir rekstur Leiðsagnar og veitir nú félagsfólki þess alla þjónustu varðandi kjaratengd mál og réttindi þeirra á vinnumarkaði.

Mannfagnaðir

Rúmlega 600 eldri VR félagar nutu kaffiveitinga í Hörpu í vor en hefð hefur skapast fyrir því að VR bjóði eldra félagsfólki sínu til kaffisamsætis að vori.

VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík 1. maí. Alls þáðu tæplega 1300 manns veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. VR skipulagði fjölskylduhlaup á Klambratúni í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var það mjög vel sótt. Einnig tók VR þátt í hátíðarhöldum á félagssvæði VR utan höfuðborgarsvæðisins.

VR bauð félagsfólki á Ævintýri í Jólaskógi í desember 2024. 1.200 sóttu viðburðinn, VR félagar og fjölskyldur þeirra.

Jafnrétti fyrir öll á vinnumarkaði

VR hefur á undanförunum árum margt stigið inn í stærri samfélagsmál með það í huga að vekja umræðu og koma af stað breytingum. Herferðir VR um jafnrétti kynjanna hafa vakið athygli, þar nægir að nefna herferðir um þriðju vaktina og launajafnrétti kynjanna. Hjá VR er starfandi jafnréttis- og mannréttindanefnd og að tilstuðlan hennar fór félagið af stað með umræðu um stöðu erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Fjórðungur launafólks á vinnumarkaði er innflytjendur og 17% félagsfólks VR er með erlent ríkisfang. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá eru um 80 þúsund af um 400 þúsund íbúum landsins erlendir, eða um fimmtungur. Herferð VR til stuðnings erlendu félagsfólki felur meðal annars í sér sjónvarpsauglýsingu, nokkrar minni auglýsingar á samfélagsmiðlum, jólaauglýsingu og yfirgripsmikla umfjöllun á vef félagsins þar sem fjallað er um málefnið frá mörgum hliðum.

Styrkveitingar 2024

VR veitti styrki að upphæð 18,4 m. kr. árið 2024 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 6,4 m. kr. jólin 2024.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2024

Fyrirtæki ársins 2024, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán eða þrjú í hverjum stærðarflokki. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja með 70 eða fleiri starfandi voru NetApp, Límtré Vírnet og Garri. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin Reykjafell, Hringdu og Toyota á Íslandi. Í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsfólk er færri en 30 eru Kjólar & Konfekt, Mjúk Iceland og Arango. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2024 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru tæplega 38 þúsund einstaklingar, bæði félagsfólk VR og starfsfólk á almennum vinnumarkaði utan félagsins, og var svarhlutfall um 39%.



Aðrar kannanir

Á starfsárinu framkvæmdi VR könnun í tengslum við samstarfssamning VR og SVP um aukna hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu. Könnunin er önnur í röð mælinga sem verða gerðar á næstu árum, eða fram til 2030, í þeim tilgangi að fylgjast með framvindu sí- og endurmenntunarmála m.t.t. markmiða samstarfssamnings. Sjá nánar um samstarfsverkefni VR og SVP í kafla um starfsmenntamál í þessari skýrslu.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út tvisvar á starfsárinu. Upplagið var um 17 þúsund eintök í hvort skipti. Aðaláhersla í fyrra tölublaði ársins voru kjaramálin og í því seinna léku kosningar í félaginu aðahlutverkið.

Notendur vefsíðu félagsins, vr.is, voru að meðaltali tæplega 40 þúsund á mánuði á starfsárinu m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins, sem eru lítillæg fjölgun frá síðasta ári.

Nýjar Mínar síður á vr.is og voru teknar í gagnið á starfsárinu, með það að markmiði að bæta notendaupplifun. Fjöldi heimsóknna á Mínar síður voru alls 47.093 sem er 13% hækkun frá 2023.

VR stóð fyrir málþing um niðurskurðarstefnu (e. austerity) í september 2024 en lykilfyrirlesari á þinginu var Clara Mattei, prófessor í hagfræði, sem skrifað hefur ítarlega um tilurð og þróun niðurskurðarstefnunnar allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldar.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

Í mars og apríl 2024 var VR með tvo rafræna fyrirlestra, sem teknir voru upp og sýndir á fyrir fram auglýstum tíma líkt og fyrri starfsár. Þar horfðu 60 einstaklingar á fyrirlesturinn „Við höfum öll áhrif“ og 160 einstaklingar á fyrirlestur Vörðu „How do you like Iceland: Staða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði.“ Haustið 2024 var ákveðið að prufukeyra nýtt fyrirkomulag og gera rafræna fyrirlestra einungis aðgengilega inni á Mínum síðum VR. Þá voru 4 vinsælir fyrirlestrar, sem höfðu verið áður hjá VR, hafðir aðgengilegir allt haustið. Auglýsingar um aðgengi þeirra fyrir félagsfólk var auglýst á samfélagsmiðlum jafnt og þétt yfir haustið og það horfðu um 750 einstaklingar á fyrirlestrana. Vorið 2025 var svo hafist handa við upptökur á nýjum fyrirlestrum og prófað áfram að hafa þá einungis aðgengilega í gegnum Mínar síður VR, ásamt því að talningu á notkun var skipt upp í tvennt þannig hægt væri að skoða hversu margir væru að nýta sér enska textann. Í lok febrúar hefur einn fyrirlestur verið keyrður með því fyrirkomulagi. Á hann hafa 58 horft á íslensku og 24 með enskum texta. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig frekari framvinda verður.

Haldin voru 4 námskeið á starfsárinu og sóttu þau alls 346 félagar. Einnig voru haldin 3 námskeið í mars 2024 sem sérstaklega fyrir launafulltrúa í fyrirtækjum sem greiða samkvæmt kjarasamningum VR. Á þau námskeið mættu 65.

Skattframtalsaðstoðin var einnig á sínum stað en hún er í boði tvo daga í mars hvert ár. Annan daginn hjá VR og hinn á Teams eða í gegnum síma. Um 47 félagar nýttu sér aðstoðina.

Haldin voru 4 námskeið fyrir trúnaðarmenn og sóttu þau 105 trúnaðarmenn. Einnig voru í boði 9 móttökur fyrir nýja trúnaðarmenn. Þar er farið yfir það helsta varðandi trúnaðarmannshlutverkið og afhent gögn og á þær komu um 50 nýir trúnaðarmenn.

Kynningar fyrir nemendur

VR hefur í yfir tvo áratugi staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Á starfsárinu voru haldnar 75 skólakynningar í 69 grunnskólum á öllum starfssvæðum VR, fyrir rúmlega 4.000 nemendur í 10.bekk. Einnig voru haldnar kynningar í 9 framhaldsskólum fyrir rúmlega 760 nemendur.

VR-Skóli lífsins

VR-Skóli lífsins varð 10 ára árið 2024 og í tilefni þess var VR með afmælisleik þar sem 10. hvers mánaðar voru 10 heppnir nemendur dregnir út og hlutu 10.000 kr. gjafabréf hjá YAY. Netnámið er vel sótt og fastur liður í mörgum framhaldsskólum. Samhliða afmælisárinu var í gangi könnun til að meta stöðu námsins og ánægju meðal nemenda. Í lok þessa starfsárs höfðu um 750 nemendur svarað könnuninni og 90% þeirra töldu að netnámið muni nýtast þeim vel eða mjög vel. 80% svarenda sögðust myndu mæla með netnáminu við aðra. Á starfsári stjórnar 2024 - 2025 voru 14 framhaldsskólar með virkan aðgang og hafa 786 nemendur farið í gegnum netnámið. Alls hafa því nú 11.642 nemendur lokið við netnámskeiðið frá upphafi.

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fimm svið sem eru fjármála- og rekstrarsvið, kjaramálasvið, mannauðssvið, þjónustusvið og samskiptasvið auk skrifstofu framkvæmdarstjóra. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í rekstrar- og gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi og stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni auk persónuverndaryfirlýsingar.

Engin vinnuslys voru skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2024.

Starfsfólk skrifstofu

Í byrjun mars 2025 voru 75 starfandi hjá VR í tæplega 68 stöðugildum. Frá 1. mars 2024 til 28. febrúar 2025 hættu eftirtalin störfum hjá félaginu: Viktor Elvar Viktorsson og Hakon Snær Snorrason á fjármála- og rekstrarsviði og Anna Karen Skúladóttir á þjónustusviði. Á sama tímabili hófu eftirtalin störf: Sigurður Kjartansson á fjármála- og rekstrarsviði, Björg Lilja Jónsdóttir á samskiptasviði, Berglind Ingadóttir og Hanna Rut Friðriksdóttir á þjónustusviði og Þórlaug Jónatansdóttir á kjaramálasviði. Haukur Hannesson var ráðinn sem sviðsstjóri á nýju upplýsingatækisviði og Rúnar Kristinsson ráðinn á sama sviði.

Aldís Ósk Jónasdóttir, Baldur Rökkvi Arnaldsson og Stefán Þórarinn Hermannsson voru í sumarafleysingum og hlutastarfi samhliða námi. Hakon Snær Snorrason var í sumarafleysingum í Miðhúsaskógi og í helgarvinnu ásamt Óskari Má Óskarsyni og Sólrún Ástvaldsdóttir var í tilfallandi verkefnavinnu á fjármála- og rekstrarsviði.

Á haustmánuðum voru gerðar breytingar á skipuriti þar sem til varð nýtt upplýsingatækisviði. Verkefni sviðsins tilheyrðu áður fjármála- og rekstrarsviði og færðust þau yfir ásamt starfsmönnum sem sinna þeim. Á sama tíma var nafni þróunarsviðs breytt og heitir það nú samskiptasvið.

Á nýstofnuðu upplýsingatækisviði starfa sérfræðingar í hugbúnaðarþróun og rekstri tölvu- og upplýsingakerfa. Sviðið sér um rekstur og þróun upplýsingakerfa félagsins í samstarfi við birgja og samstarfsaðila þar sem lögð er áhersla á stöðuga þróun til að auka enn við þjónustu við félagsfólk og bæta skilvirkni.

Netöryggi fær sífellt meira vægi vegna vaxandi ógna í netkerfum heimsins. Í lok árs var tekin í notkun lausn sem gerir VR kleift að vinna markvisst að forvirkum netvörnum félagsins en öryggi gagna félagsfólks er í algjörum forgangi hjá sviðinu.

Mörg framsækin verkefni voru á dagskrá á árinu sem halda áfram á árinu 2025. Þar ber að nefna ýmis verkefni tengd gervigreind, fyrirhugaðri breytingu á hýsingarumhverfi félagsins og endurnýjun á innri kerfum.



STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

Fastráðið starfsfólk á skrifstofu 1. mars 2025

Formaður

Halla Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson
Emil Gústafsson
Erling Rúnar Huldarsson
Erna Valborg Björgvinsdóttir
Gísli Lúðvík Kjartansson
Heiða Jóna Hauksdóttir
Sigurður Kjartansson

Sviðsstjóri
Umsjón orlofseigna
Umsjón orlofseigna
Bókhald
Orlofsmál
Reikningshald
Umsjón í Miðhúsaskógi

Skrifstofa framkvæmdastjóra

Sigmundur Halldórsson

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Victor Karl Magnússon
Viðar Ingason

Landssamband íslenskra
verzlunarmanna
Verkefnastjórn
Tölfræði og greiningar
Hagfræðingur

Upplýsingatæknisvið

Haukur Hannesson
Björn H. Björnsson
Rúnar Kristinsson
Snorri Elís Halldórsson
Sonja Steinarsdóttir

Sviðsstjóri
Rekstur gagnagrunna
Forritun
Notendapjónusta og rekstur
tölvubúnaðar
Rekstur tölvukerfa og
gagnagrunna

Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir
Aðalheiður Rán Þrastardóttir
Bryndís Kjartansdóttir
Hreiðar Ævar Jakobsson
Jakob Einarsson
Jurgita Subonyte
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Konráð Garðar Guðlaugsson
Kristín María Björnsdóttir
Oddur Birnir Pétursson
Sandra Björk Jóhannsdóttir
Sigrún Svava Gísladóttir
Viktoría Jensdóttir
Þorsteinn S. Sveinsson
Þórlaug Jónatansdóttir

Sviðsstjóri
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál og trúnaðarmenn
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál og vinnustaðaeftirlit
Kjaramál og vinnustaðaeftirlit
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál
Kjaramál

Þjónustusvið

Þórarinn Þórsson
Árni Kristjánsson
Ásta Björk Ólafsdóttir
Ástríður Valbjörnsdóttir
Berglind Ingadóttir
Elín Matthildur Andrésdóttir
Erla Bryndís Ingadóttir
Erna Eyjólfsdóttir
Eymundur G. Hannesson
Hanna Rut Friðriksdóttir
Heiða Björg Tómasdóttir
Hildur Guðjónsdóttir
Hjörtur Gunnar Jóhannesson
Katrín Magnúsdóttir
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir
Ragna Steina Snæfells Lárudóttir
Rannveig Rögnvaldsdóttir
Rósmarý Úlfarsdóttir
Salbjörg Björnsdóttir
Selma Ragnheiður Klemensdóttir
Sigrún Lína Sigurðardóttir
Sigrún Rós Elmers
Soffía Einarsdóttir
Sóley Garðarsdóttir
Þórunn Jónsdóttir

Sviðsstjóri
Þjónustuver
Orlofssjóður
Sjúkrasjóður
Starfsmenntasjóður
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsmenntasjóður
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfinga - VIRK
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Þjónustuver
Sjúkrasjóður
Sjúkrasjóður
Þjónustuver
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Starfsendurhæfing - VIRK
Þjónustuver
Orlofssjóður

Mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir
Birgir Georgsson
Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir
Malgorzata Maria Madej

Sviðsstjóri
Eignaumsjón
Gæða- og skjalamál
Mötuneyti

Samskiptasvið

Steinunn Böðvarsdóttir
Anna Lilja Björnsdóttir
Árdís Birgisdóttir
Björg Lilja Jónsdóttir
Fjóra Helgadóttir
Magdalena Mazur
Reynir Albert Þórolfsson
Sandra Ósk Jóhannsdóttir
Selma Kristjánsdóttir
Sigrún Aðalsteinsdóttir

Sviðsstjóri
Markaðsmál og viðburðir
Markaðsmál og viðburðir
Markaðsmál og samfélagsmiðlar
Vefur og markaðsmál
Markaðsmál og samfélagsmiðlar
Grafík
Fræðsla og kynningar
Starfsmenntamál
Starfsmenntamál

KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2024

Alls sitja fimmtán einstaklingar í stjórn auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2024. Á aðalfundi 21. mars 2024 tóku neðangreind sæti í forystu félagsins:

Sjö í stjórn VR til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Diljá Ámundadóttir Zoega
Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin
Kristjana Björg Jónsdóttir

Þrjú í varastjórn til eins árs:

Arnþór Sigurðsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Trúnaðarráð

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögnum segir m.a.:

„Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.“

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2024 – 2026 rann út á hádegi þann 6. febrúar 2024. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2023.

Trúnaðarráð:

Anna Bryndís Hendriksdóttir
Arman Ahmadizad
Auður Jacobsen
Ágústa Harðardóttir
Ásdís Hreinsdóttir
Áskell Viðar Bjarnason
Bára Jóhannsdóttir

Benedikt Ragnarsson
Birna Aronsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Christopher John Eva
Clara Claire Marie Salducci
Edda Svandís Einarsdóttir
Edda Þöll Kentish
Elín Sigríður Hallgrímsdóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson
Gunnar Steinn Þórsson
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Helen Renée Rasanen
Helga Bryndís Jónsdóttir
Ingibjörg H Hjartardóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jón Guðnason
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Ólafur Valdimarsson
Kristín Valdimarsdóttir
Kristján Gísli Stefánsson
Magnús Þorsteinsson
Pálmey Helga Gísladóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Signý Sigurðardóttir
Stefán Sveinbjörnsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Stephan Ahrens
Tómas Elí Guðmundsson
Unnur Elva Arnardóttir
Victor Karl Magnússon
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þorsteinn Þórólfsson
Þórunn Davíðsdóttir

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 316 í byrjun mars árið 2025 en voru 300 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á vefsíðu VR, www.vr.is.

GENERAL ACTIVITIES AND SERVICES 2024

Number of members	41,355
Individuals that paid membership fees at least once during the year	51,934
Employment terms under examination for members	1,291
Benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,859
Grants from VR Contingency Fund	18,708
New registrations for services from VIRK consultants at VR	428
Nights spent in VR holiday cottages	25,787

COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS

Shortly before VR's Annual General Meeting in 2024, the union signed collective agreements valid until January 31, 2028, provided that the defined conditions of the agreement are met. These conditions stipulate that certain inflation targets must be achieved and that the government upholds its commitments related to the government's declaration from March 7, 2024. A detailed account of the collective agreement and the negotiations was provided in the report for the 2023–2024 operating year.

VR and other trade unions are part of a Wage and Condition Committee tasked with monitoring economic developments in relation to these provisions. During VR's 2024–2025 board term, work related to this took place. In this context, for instance, the committee approved on March 21, 2025, that the wage scales of the collective agreements would increase by 0.58% as of April 1, 2025. This so-called wage scale increase ensures that wages paid according to wage scales receive an additional raise if wages in the labour market increase more than the lowest scale wages, and the committee concluded that this had indeed been the case.

OTHER AGREEMENTS

VR has been engaged in ongoing negotiations with Icelandair on behalf of employees working in ground handling at Keflavík Airport. This work concerns a review of the employees' working arrangements, which are characterized, among other things, by so-called "split shifts," where working hours are not continuous throughout the day. These negotiations are still ongoing.

The collective agreement between VR and other trade unions representing employees at Elkem Iceland was

rejected in a joint vote of the unions, which concluded at noon on Tuesday, March 18. A total of 58.12% voted no, 38.46% voted yes, and around 3% abstained. There were 151 on the electoral register and voter turnout was 77.5%. The trade unions will consult on the next steps.

Collective bargaining on behalf of employees at Norðurál has been ongoing since October 14, 2024. VR has participated in these negotiations along with other trade unions. No agreement was reached during the first nine meetings of the negotiation committees, and the matter was subsequently referred to the State Mediator. The first meeting with the State Mediator took place on Friday, February 14, 2025, and negotiations are still in progress. The trade unions have expressed disappointment with Norðurál's position and have stated that it is unacceptable for a company of this size to attempt to avoid wage increases that have already been approved in the Stability Agreements in the general labour market.

WAGE ISSUES

In 2024, employment terms specialists provided assistance to 1,836 members at the union's Reykjavík office, representing a 7% decrease year-on-year.

The department's specialists opened 1,628 new cases in 2024 compared to 1,618 in 2023. Cases are opened when specialists deem it necessary or when further assistance is still considered needed following an initial visit or phone call. In each instance, an employment terms specialist assesses whether it is necessary to document the advice provided, even if the matter does not proceed to full processing. It has proven crucial to have such documentation in cases where individuals later return to the employment terms department. Cases at the service desk are opened following an office visit or email correspondence. It is extremely rare for a case to be opened following a phone call or web chat.

VR SICK PAY FUND

Sickness per diem payments to VR members increased between 2024 and 2023. This marks the third consecutive year of rising payments, reversing a trend seen during the COVID-19 pandemic, when sickness per diem payments declined.

Total sickness per diem payments in 2024 amounted to ISK 2,771,508,070, which is approximately 14% higher than in 2023. However, when adjusted for wage developments and membership growth year-on-year, the increase is only about 6%. The largest individual category of illness remains

mental disorders, accounting for 33% of the total sickness per diem payments in 2024, a lower share than the previous year, when it was 38%.

The proportion of sickness per diem payments relative to the VR Sick Pay Fund's sickness contribution income was 86% in 2024, up 7% over the year. The number of VR members receiving sickness per diem payments also increased slightly year-on-year, with 1,595 receiving payments in 2024 compared to 1,571 the previous year.

VR CONTINGENCY FUND

The VR Contingency Fund was established in 2006 with the aim of providing VR members with greater flexibility in using their entitlements from the union's funds and simplifying access to them. Contributions are typically made to the fund following the Annual General Meeting, which is usually held in March. A contribution to the fund was approved at the Annual General Meeting in March 2024 — ISK 1,050 million for the year 2023 — and was deposited into the fund after the meeting concluded. The VR Contingency Fund is financed by resources from the VR Sick Pay Fund and the Holiday Pay Fund.

Total payments from the fund in 2023 amounted to ISK 892,511,023, and 18,708 individuals received payments from the fund. By far the largest portion went toward preventive measures — over ISK 393 million — which accounted for 44% of total payments from the fund that year. In 2022, payments from the fund amounted to ISK 766,924,170 to 17,303 individuals.

VOCATIONAL TRAINING

In 2024, over ISK 935 million was paid in vocational education grants to VR members from the vocational education funds to which the union is affiliated, compared to just over ISK 720 million the previous year. This represents a year-on-year increase of 28.6%.

A total of 11,303 applications for grants to VR's vocational education funds were submitted by VR members in 2024, compared to 9,718 the previous year — an increase of 16.4%. In 2024, 622 members received a cumulative three-year grant, down from 756 in 2023, representing a decrease of 17.8%.

HOLIDAY COTTAGES

At the end of 2024, VR owned 87 holiday homes and apartments. The union rented 13 holiday homes and 1 hotel room during the year. Utilization of the holiday homes in 2024 was very good, with a total of 25,787 rental nights

compared to 22,239 in 2023. The utilization rate of the homes increased from 69% to 78% year-on-year.

At the end of the year, VR had one new house under construction in Hálönd near Akureyri, with completion expected in May 2025 and rental availability starting in June 2025. In 2024, a large holiday home in Hvalfjörður was taken into use. This house is larger than the union's other holiday homes and can accommodate up to 16 guests.

Renovation of the main infrastructure in Miðhúsaskógur began in 2024, with the first phase completed during the year. The project is planned in five phases and is expected to be completed in 2028. The union also carried out interior reconstruction of one house at Einarstaðir and contributed to the cost of a new service building for Einarstaðir.

RESOLUTIONS, STATEMENTS, AND MEETINGS

Statement from the VR Board on Mass Layoffs

The VR Board issued a statement on June 13, 2024, in light of mass layoffs during the spring months. The board emphasized the seriousness of losing one's job and stated that it is a significant responsibility for company management to let people go, which should always be the absolute last resort. The board stressed the importance of acting in accordance with legislation on mass layoffs, making every effort to prevent such layoffs and job losses, and ensuring that mass layoffs are never undertaken lightly. Statement from the VR Board on the Boycott of Goods and Business with Israel

The VR Board issued a statement on October 9, 2024, announcing that the union would participate in the so-called BDS boycott in support of Palestine, and that the union's funds would not invest in companies profiting from illegal settlements. The board called on the government to take strong action to promote peace.

Statement from the VR Board on the Teachers' Wage Dispute

The VR Board issued a statement on November 14, 2024, regarding the teachers' wage dispute. The board expressed concern over the situation in the negotiations and the potential impact on children and families. VR also declared its full support for the teachers' fight for improved terms.

Statement from the VR Board on Government Formation Talks

The VR Board issued a statement on December 11, 2024, in relation to government formation talks following the parliamentary elections. The board urged the parties involved in the talks to protect the interests of working

people, especially those who have borne the brunt of the economic hardship.

Statement from the VR Board on SVEIT

The VR Board released a statement on December 12, 2024, regarding the pseudo-union "Virðing." VR condemned the actions of an employer within SVEIT, the association of companies in the restaurant sector, for attacking the rights and terms of employment of workers in Iceland.

Resolution from the VR Board on Government Austerity Proposals

The VR Board issued a resolution on March 18, 2025, concerning austerity proposals by the Icelandic government. VR warned against increasing the powers of the State Mediator and criticized proposals to outsource labour market oversight and curtail the rights of public sector employees.

The Board of VR met for a total of seventeen times during the operating year.

The VR Consultative Council met six times during the operating year.

CANDIDATES FOR BOARD MEMBERSHIP

On January 23, 2025, VR's Electoral Committee announced a call for candidates interested in serving the union for the 2025–2029 term. Nominations were sought for the position of Chair for a four-year term, seven seats on the Board of VR four years, three alternate board members for two years, and party lists for 41 seats on the Consultative Council. The deadline for submitting candidacies was 12:00 noon on February 3, 2025.

A total of four individual candidacies were submitted for Chair and seventeen for the Board, all of which were declared valid by the Electoral Committee.

Voting among eligible VR members took place electronically from March 6 until 12:00 noon on March 13. A total of 9,581 votes were cast out of 40,117 eligible VR members, resulting in a turnout of 23.9%.

Halla Gunnarsdóttir was elected as Chair of VR for a four-year term with 45.72% of the vote.

The following individuals were elected to the Board of VR for four years, in accordance with the proportional representation system outlined in Article 20 of VR's bylaws: Seven candidates were elected to the VR Board for a term

of two years:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Andrea Rut Pálsdóttir, Karl F. Thorarensen, Jennifer Schröder, Styrmir Jökull Einarsson, and Selma Björk Grétarsdóttir.

Three alternates were elected to the VR Board:

Pórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir and Eldar Ástþórsson.

GOVERNANCE


VR operates on the basis of the Act on Trade Unions and Labor Disputes, No. 80/1938 and VR's laws published online at vr.is, as well as regulations and working procedures regarding the union's funds. The Board of VR operates according to procedures that are intended to ensure that its work is in accordance with generally accepted practices. In addition, the Board of VR and its employees operate in accordance with the code of ethics that has been established by the Board and is intended to ensure transparency, responsibility and honesty in the union's every effort to protect the interest of its members. In its services and operation, VR has focused on the union's values, i.e. progressiveness, professionalism, and leadership. The Board's working procedures and code of ethics are published on the VR website, vr.is, as well as all the fund's regulations.

OTHER

Average membership in VR in 2024 was 41,355. Thereof were 21,735 women, 19,505 men and 115 non-binary individuals. At the end of the year, there were 35,333 full members.

A total of 32,791 phone calls were made to the union in 2024, a decrease of 5% from the previous year. Phone calls have steadily decreased in recent years as use of VR websites has increased. VR's email address, vr@vr.is, received a total of 9,713 enquires in 2023.

VR's service center operates out of the union's headquarters in Reykjavík, in addition to offices in the Westman Islands, Reykjanesbær, Akranes, Egilsstaðir and Selfoss.





ÁRSREIKNINGUR
2024

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skýrslu stjórnar með ársreikningi er ætlað að gefa greinargott yfirlit um starfsemi VR til viðbótar upplýsingum sem fram koma í ársreikningi félagsins fyrir árið 2024 í samræmi við VI. kafla ársreikningslaga nr. 3/2006. Skýrslunni ásamt stjórnháttaryfirlýsingu og umfjöllun um ófjárhagsleg málefni, sem birt er í viðauka, er þannig ætlað að gefa hagaðilum fyllri mynd af starfsemi félagsins og þá ekki síst félagsfólki VR.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning allra sjóða VR sem eru félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður, varasjóður og vinnudeilusjóður.

Félagið og tengd aðildarsamtök og sjóðir

VR er aðili Landssambandi Íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) en það er aðili að ASÍ sem er stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi. VR er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum, annars vegar Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks sem starfar á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsis annars vegar og VR og LÍV hins vegar. Hins vegar er það Starfsmenntasjóður verslunarinnar sem starfar á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og Félags atvinnurekenda hins vegar. Einnig á félagið samlagshlutafélagið, VR Blæ leigufélag slhf., sem hefur að markmiði uppbyggingu leiguíbúða fyrir félagsfólk í samstarfi við Bjarg íbúðafélag.

Hlutverk og markmið

Markmið félagsins sbr. 2. gr. laga VR er eftirfarandi: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.“

Annar mikilvægur þáttur í starfinu er sú ráðgjöf sem félagsmenn njóta um málefni tengd kjaralegri stöðu sinni en ekki síður ráðgjöf tengdri starfsendurhæfingu. Þá leggur félagið mikla áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti og jöfnun á launamun kynjanna.

Starfssvæði VR nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, Sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar.

Stjórn og stjórnarhættir

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðu félagsins vr.is sem og reglugerðum og starfsreglum um sjóði félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna og góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfa að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir sína féлага. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is, sem og allar reglugerðir sjóða.

Frekari upplýsingar um stjórnarhætti VR má finna í yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í óendurskoðuðum viðauka með ársreikningi þessum.

Áhættustjórnun og eftirlit

VR hefur ekki með formlegum hætti greint sérstaklega áhættur í sínum rekstri en telja má að helsta áhætta félagsins sé rekstraráhætta en það er hættan á beinu og óbeinu tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfisbilana eða vegna annarra ytri atburða svo sem gangagíslatöku. Hægt er að nálgast nánari umfjöllun um áhættustjórnun í sérstökum viðauka um stjórnháttaryfirlýsingu og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka.

Mannauður

VR hefur sett sér starfsmannastefnu og er stefna félagsins að hafa ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki og kappkostar félagið að veita starfsfólki sínu tækifæri til að það öðlist þá þekkingu og færni sem til þarf til starfa. VR vinnur eftir jafnlaunastefnu og hefur sett sér stefnu í eineltismálum.

Í árslok 2024 voru 28 karlar og 49 konur starfandi hjá félaginu eða samtals 77 starfsmenn, en meðalfjöldi ársverka var 67 á árinu og hafði fjölgað um eitt frá fyrra ári.

Frekari upplýsingar um mannaúdmál má finna í óendurskoðuðum viðauka með ársreikningi þessum.

Félagsfólk

Á árinu fjölgaði félagsfólki VR um 1,8% og voru að meðaltali 41.355 einstaklingur skráður í félagið, þar af taldist 35.333 sem fullgildir og hafði fjölgað um 2,2% frá ársbyrjun. Atvinnuleysi meðal VR féлага var um 2,2% í árslok 2024 samanborið við 1,9% í árslok 2023.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrarafkoma ársins var 879,1 m.kr. á árinu 2024 (2023: 928,1 m.kr.) Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 18,4 ma. kr. (2023: 17,1 ma.kr.) og er bókfært eigið fé í árslok kr. 15,1 ma. kr. (2023: 14,3 ma.kr.) Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Innheimta iðgjalda

Innheimt iðgjöld á árinu námu 6,1 ma.kr. (2023: 5,8 ma.kr) og hækkuðu um rúm 6,5% milli ára í samræmi við fjölgun félagsmanna og launaþróun. Áfram eru væntingar um svipaða þróun í iðgjaldatekjum á árinu 2025.

Greiðslur sjúkradagpeninga

Á árinu hækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um 15% samanborið við árið 2023, en á sama tíma hækkuðu iðgjaldatekjur Sjúkrasjóðs VR um tæp 7%. Svipaðar horfur eru um rekstur sjúkrasjóðs en þó má gera ráð fyrir aukningu í greiðslu sjúkradagpeninga, en iðgjöld geti einnig aukist.

Ávöxtun verðbréfasafna

Nafnávöxtun á verðbréfaeignum félagsins var jákvæð um 8,53% á árinu 2023 og raunávöxtun var jákvæð um 3,29%. Fimm ára meðalnafnávöxtun verðbréfaeigna VR er jákvæð um 5,29% og meðalraunávöxtun er neikvæð um 0,38% fyrir sama tímabil.

VR Blær leigufélag slhf.

Félagið stofnaði á árinu 2022 samlagshlutafélag, VR Blær leigufélag slhf., til uppbyggingar leiguíbúða fyrir félagsfólk. Undirbúningur hefur staðið allt frá árinu 2021 er lóðarvilyrði fékkst fyrir verkefnið, en í ársbyrjun 2023 hófst uppbygging á lóð félagsins og hefur VR lagt verkefninu til hlutafé sbr. skýr. 8 og 1,1 ma.kr. í formi framkvæmdaláns sbr. skýr. 10.

Framtíðar horfur og óvissa

Almennt býr félagið við óvissu vegna breytinga í ytra umhverfi s.s. vegna verðbólgu, verðbreytinga á markaði, vaxtabreytinga og fleira.

Framlag í VR varasjóð

Stjórn leggur til að lagt verði í VR varasjóð á árinu 2025 samtals 1.050 m.kr. (2023: 1.050 m.kr.) frá félagssjóði VR 300 m.kr. (2023: 250 kr.), frá Sjúkrasjóði VR 450 m.kr. (2023: 500 m.kr.) og 300 m.kr. (2023: 300 m.kr.) frá Orlofssjóði VR.

ÁRSREIKNINGUR 2024

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur VR er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur VR gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu VR 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Samhliða þessum ársreikningi birtir stjórn sérstaka stjórnháttayfirlýsingu og upplýsingar um ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra VR að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri VR staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta aðalfundi félagsins þann 26. mars 2025.

Reykjavík 12. mars 2025

Formaður

Halla Gunnarsdóttir

Framkvæmdarstjóri

Stefán Sveinbjörnsson

Stjórn

Bjarni Þór Sigurðsson
Ólafur Reimar Gunnarsson
Diljá Ámundadóttir Zoega
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Harpa Sævarsdóttir Svanhildur

Ólöf Þórsteinsdóttir
Jennifer Schröder
Tómas Gabríel Benjamín
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Þórir Hilmarsson
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Björk Grétarsdóttir,
varamaður

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsfólks VR.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VR fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra
- Rekstrarreikning fyrir árið 2024.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og óendurskoðaðir viðaukar eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð féluginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og óendurskoðaðir viðaukar sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þær til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

ÁRSREIKNINGUR 2024

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

